

**Samantekt:** Samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu

**Nemandi:** Ólína Þóra Friðriksdóttir

**Sérsvið:** Stjórnun og stefnumótun

**Dagsetning:** Janúar 2007

## Útdráttur

Markmið verkefnisins var að meta samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu og skoða núverandi stöðu héraðsins með tilliti til efnahagslegra þátta, stöðu nýsköpunar og umhverfismála. Unnið var með kenningar og líkön dr. Michael E. Porter auk þess sem umhverfissvísun var bætt við mælikvarða hans. Annað markmið verkefnisins var að kanna væntingar stjórnenda í atvinnulífi og stjórnsýslu til Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og viðhorf þeirra til stöðu og styrks Austur-Húnavatnssýslu.

Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við átta stjórnendur í Austur-Húnavatnssýslu til að dýpka þekkingu rannsakanda á viðfangsefninu og fá fram þeirra sýn á umhverfi og stöðu mála í sýslunni, sem og væntingar þeirra til vaxtarsamnings og samvinnu á svæðinu. Einnig var unnið með talnagögn við mat á stöðu svæðisins.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu felist nú um stundir einkum í möguleikum til landbúnaðar og matvælaframleiðslu sem og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Allir þessir þættir fela í sér landnýtingu í einhverri mynd og einnig njóta þeir ágætrar staðsetningar sýslunnar og þægilegrar fjarlægðar frá mörkuðum. Grundvallar framleiðsluþættir eru að mestu leyti til staðar á svæðinu til að styðja þessa starfsemi. Þróaða framleiðsluþætti skortir til að ná samkeppnisforskoti á öðrum sviðum. Samkeppni á heimamarkaði er lítil og stuðningsgreinar eru slakar eða ekki til staðar í öðrum atvinnugreinum.

Samstöðuleysi og hrepparígur veikir sýsluna og sameining allra sveitarfélaganna í sýslunni virðist vera brýnt hagsmunamál fyrir héraðið. Auðæfi og styrkur Austur-Húnavatnssýslu liggja í landinu; víðáttu, landgæðum og hreinleika og þar með góðum möguleikum til eflingar matvælaframleiðslu og uppbyggingar ferðaþjónustu. Einnig er lega héraðsins góð með tilliti til sóknar á fiskimið og fjarlægða við stór markaðssvæði. Héraðsbúar gera sér ekki glæstar vonir um árangur af Vaxtarsamningi Norðurlands vestra.